



## LÖGFRÆÐILEGT ÁLIT

**Til:** Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins / Þóru Hjaltsted  
staðgengils skrifstofustjóra  
**Frá:** Landslögum / Jóhannesi Karli Sveinssyni, hrl.  
**Efni:** Um úthlutun til kröfuhafa í kjölfar slita á fjármálafyrirtækjum  
**Dags:** 4. desember 2009

---

Verkefni mitt er að láta í té álit á því hvort heimilt sé að efna kröfur samkvæmt úthlutunargerð (úthlutun) með því að greiða upp í þær í öðrum gjaldmiðli en íslenskum (útborgun). Sú spurning hefur vaknað hvort gildandi lög skyldi slitastjórnir (og síðar skiptastjóra) fjármálafyrirtækjanna til að breyta öllum eignum í íslenskar krónur áður en útborgun fer fram.

### 1. LAGAUMHVERFIÐ.

Í meginatriðum má segja að gömlu bankarnir þrír séu nú bæði í slitameðferð og greiðslustöðvun. *Skilanefndir* annast um *eignir* bankanna, innheimta kröfur, endurnýja lán, selja eignir og hafa það að aðalmarkmiði að varðveita þau verðmæti sem skilin voru eftir í gömlu bönkunum við uppskiptinguna í október 2008. *Slitastjórnir* sjá um að greiða úr *skuldum* bankanna, hafa lýst eftir kröfum, taka afstöðu til krafna og koma síðan ágreiningi kröfuhafa í farveg fyrir dómstólum. Jafnframt annast slitastjórnirnar riftunarmál þegar nauðsynlegt er að leiðrétta þær ráðstafanir bankanna sem hafa mismunað kröfuhöfum þeirra eða falið í sér undanskot eigna.

Slitastjórnirnar færa kröfulýsingarskrá þar sem gerð er grein fyrir fjárhæð krafna, rétt hæð þeirra og heildarsamtölu í einstökum kröfuflokkum. Slitastjórnirnar taka sem áður segir sjálfar afstöðu til krafna en leggja jafnframt verk sín í dóm allra kröfuhafa. Kröfuhafarnir geta jafnframt fært fram andmæli vegna afstöðu slitastjórnar til sinna eigin krafna og krafna annarra. Segja má að endanleg kröfulýsingarskrá verði ekki til fyrir en búið er að leiða öll slík ágreiningsmál til lykta.

Um meðferð krafna og kröfulýsingarskrá á þessu stigi gilda í meginatriðum ákvæði gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 sökum tilvísunar í 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki o.fl. til þeirra. Af því leiðir að þegar kröfum í erlendum myntum er lýst gilda ákvæði í 3. mgr. 99. gr. gjaldþrotaskiptalaga:

„Kröfur ... í erlendum gjaldmiðli skulu færðar til íslensk gjaldmiðils eftir skráðu sölugengi á þeim degi sem úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta ...“

Af þessu leiðir að hlutdeild krafna í erlendum gjaldmiðlum við slit gömlu bankanna ákvarðast miðað við gengi þeirra gagnvart íslenski krónu við *upphaf slitameðferðar*. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 44/2009, sem breyttu lögum um fjármálafyrirtæki telst gildistökudagur þeirra laga (í apríl 2009) vera umreikningsdagur erlendra mynta í þessum skilningi. Kröfufylsingarskráin miðast því að öllu leyti við kröfur í íslenskum myntum (að frátöldum tilteknum kröfuflokkum sem hér verður ekki fjallað nánar um).

Ef gengisbreytingar leiða til þess að kröfur í erlendum myntum hækka eða lækka gagnvart íslensku krónunni verða allar slíkar kröfur eftirstæðar kröfur samkvæmt 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti og eru þess fá ef nokkur dæmi um að greitt hafi verið upp í slíkar kröfur við búskipti á Íslandi. Í raun má því segja að gengi krafna í erlendum myntum hafi verið „læst“ í apríl 2009. Hlutdeild við endanlega úthlutun úr búinu og atkvæðavægi á kröfuhafafundum miðast við það vægi sem gengi gagnvart íslensku krónunnar veitti á þeim tíma.

## **2. ÚTHLUTUN TIL KRÖFUHAFA VIÐ SLITAMEÐFERÐ OG Í FRAMHALDI AF HENNI.**

Eins og áður segir má segja að með tilliti til gjaldmiðlaáhættu hafi innbyrðis stöðu kröfuhafa verið „læst“ í apríl 2009. Við tekur nú að greiða úr öðrum ágreiningsmálum og í framhaldinu meta hvaða leiða verður farin til ljúka slitameðferðinni.

Ef eignir duga ekki fyrir öllum kröfum kemur til greina að leita *nauðsammings* eða óska eftir *gjaldþrotaskiptum*. Í báðum tilvikum verður stuðst við kröfufylsingarskrána eins og hún hefur verið útbúin við undanfarandi slitameðferð. Engar breytingar verða því m.t.t. breytinga á gengi gjaldmiðla.

Rétt er að geta þess að slitastjórnun er sérstaklega heimilað að greiða að hluta eða fullu viðurkenndar kröfur áður en gjaldþrotaskipti hefjast eða nauðasamningur er staðfestur. Fyrir því eru þó sett þau skilyrði að það sé tryggt að eignir dugi örugglega fyrir greiðslu að minnsta kosti jafnhárrar kröfu í sama kröfuflokki sem enn hefur ekki verið hafnað við slitin.

Þótt jafnræði eigi að gilda við úthlutun er slitastjórn jafnframt heimilt á þessu stigi að greiða kröfuhöfum, sem það kjósa, tiltekna upphæð sem má telja að víst að sé lægri að tiltölu en aðrir jafnstæðir kröfuhafar muni fá á síðasti stigum. Markmiðið með þessari sérreglu í 6. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki er að einfalda slitin og koma til móts við kröfuhafa sem hugsanlega vilja losna fyrir úr ferlinu gegn því að fá hugsanlega lægri greiðslur að tiltölu en þeir sem vilja biða eftir endanlegum lyktum slitameðferð og gjaldþrotaskipta eða nauðasammings.

## **3. GREIÐSLUMÁTI.**

Kröfuhafar fá greitt að því marki sem eignir bankanna hrökkva til. Miðað við ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins frá í október 2008 gömlu bankanna ættu að stærstum hluta til að vera í formi erlendra eignarhluta og erlendra krafna.

Því hefur sú spurning vaknað hvort slitastjórnun og síðar e.t.v. skiptastjórnun sé skylt að umbreyta öllum eignum í íslenskar krónur áður en endanlegar greiðslur eiga sér stað. Ég tel að svo sé ekki:

### 3.1. Nauðasamningur.

Ef slitameðferðinni lýkur með nauðasamningi er að mínu viti engin þörf á því slitastjórn eða skilanevnd undirbúi slíkt með því að kaupa íslenskar krónur fyrir hinar erlendu eignir. Það er reyndar forsenda fyrir nauðasamningi að forgangskröfur verði greiddar að fullu og vík ég að því álitamáli hér síðar.

Ekkert í lögum bannar að við nauðasamninga séu kröfuhöfum boðnar greiðslur af mismunandi toga, t.d. að hluta í reiðufé, hluta í skuldabréfum og/eða öðrum verðbréfum. Nauðasamningstilboð getur því hljóðað upp á greiðslur sem samsettar eru af mismunandi gjaldmiðlum. Greiðslur samkvæmt samþykktum nauðasamningi fara svo fram í þeim gjaldmiðlum.

Á þessu stigi er líklegt að við slitameðferð á Glitni banka og Kaupþingi banka verði gerð tilraun til að leita nauðasamnings enda útlit til þess að forgangskröfur greiðist að fullu og talsvert upp í almennar kröfur (samningskröfur). Eins og þekkt er hins vegar tvísýnt hvort eignir Landsbanka Íslands hrökkvi fyrir forgangskröfum og því ekki víst að forsendur verði fyrir nauðasamningi.

### 3.2. Gjaldþrotaskipti / greiðslur slitastjórnar

Ef slitameðferð lýkur með gjaldþrotaskiptum mun skiptastjóri/skiptastjórnar semja frumvarp til úthlutunargerðar á grundvelli endanlegrar kröfulýsingarskrár og greiða síðan kröfur eftir að fjallað hefur verið um úthlutunargerðina á skiptafundi í þrotabúinu. Eins og áður segir hafa slitastjórnir líka ákveðnar heimildir til að greiða kröfur áður en að þessu kemur.

Ef eignir bús samanstanda af peningum í ýmsum gjaldmiðlum er út af fyrir sig ekkert sem bannar það í lögum um gjaldþrotaskipti að greiða kröfurnar út í erlendum sem innlendum myntum. Ákvæði 158. gr. gjaldþrotaskiptalaga miða við að eignum bús sé „komið í verð“ áður en úthlutun fer fram en ekkert er áskilið um að selja þurfi erlenda gjaldmiðla og kaupa íslenskrar krónur.

Til að tryggja jafnræði mætti fara þá leið að kröfuhafar fengju hlutfallslega jafnmikið í sinn hlut af hverri mynt. Ef eignir bús væru 90% í evrum og 10% í íslenskum krónum yrði þá greiðsla til hvers kröfuhafa í sömu hlutföllum. Einnig rúmast það innan laga að bjóða eigendum krafna sem voru í öndverðu í erlendum myntum að fá þær greiddar í sömu mynt þótt úthlutunargerðin sjálf sé að öllu leyti færð í íslenskum krónum. Rétt að geta þess að 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki veitir slitastjórn nokkuð svigrúm til að losa ákveðna kröfuhafa út með „sérlausnum“. Eins og áður segir veldur það engum vandkvæðum í þessu sambandi þótt upphaflegar kröfur hafi verið í mismunandi myntum því innyrðis skipting milli kröfuhafa og umreikningur í eina mynt upp frá því verður ákvarðaður miðað við gengi í apríl 2009. Kröfuhafar geta svo sjálfir keypt sér gjaldmiðla eftir því sem þeim hentar í framhaldi af móttöku greiðslu.

Það eina sem séð verður að kunni að valda einhverjum vanda í framkvæmd er ákvarða út frá hvaða gengi eigi að ákvarða greiðslur upp í kröfur í úthlutunargerð. Úthlutunargerð er einskonar heildaruppgjör á þrotabúi þar sem tilgreindar eru eignir og skuldir búsins og auk þess hvað greiðist hverjum lánardrottni.

Sökum þess að allar kröfur á hendur þrotabúi eru umreiknaðar í íslenskar krónur en eignir verða í ýmsum gjaldmiðlum skapast ákveðnar flækjur við að meta hlutfallið sem greitt verður upp í hvern kröfuflokk. Væntanlega væri rétt við gerð frumvarps til úthlutunargerðar að miða gengi erlendra gjaldmiðla annars vegar við þann dag þegar frumvarpið er gefið út þegar rætt er um eignir bús og hins vegar ef eitthvað hefur verið greitt út þá sé sú útgreiðsla miðuð við útborgunardag.

Þetta gæti því skipt máli t.d. þegar tekin er afstaða til þess hvenær forgangskröfur teljast hafa verið greiddar að fullu og hvað verður þá til úthlutunar til almennra kröfuhafa. Þó virðist blasa við að við þetta uppgjör yrði væntanlega miðað við sölugengi myntar á greiðsludegi. Ef það kemur t.d. til þess að það þurfi að meta að hve miklu leyti forgangskröfur í Landsbankanum hafa greiðst – í því tilviki að kröfuhafar fengju greitt í ýmsum myntum - yrði að reikna gengi greiðslumyntanna út miðað greiðsludag til þess að fá réttar efndir á forgangskröfu sem eins og áður segir er í íslenskum krónum.

Í hinum bönkunum verða forgangskröfur væntanlega greiddar löngu áður en kemur til úthlutunar við búskipti eða greiðslu samkvæmt nauðasamningi og ætti þá með sama hætti að miða við að þær verði efndar með því að miða við gengi á greiðsludegi. Með þessu móti yrði tryggt jafnræði kröfuhafa og staðan milli forgangskröfuhafa og almennra krafna yrði eins og ætlast er til.

\*\*\*

Í stuttu máli má segja að það sé meginregla við skipti að úthlutun taki mið af sama gjaldmiðli. Kröfuhafar taka allir með þeim hætti jafna áhættu af breytingum á gengi gjaldmiðla og rýrnun verðmætis þeirra vegna verðbólgu.

Íslensk lög takmarka ekki greiðslur úr þrotabúi við einn gjaldmiðil frekar en annan og getur því fjármálaþyrirtæki boðið slíkar greiðslur með nauðasamningi og jafnframt geta slitastjórn og síðar skiptastjóri greitt kröfuhöfum í mismunandi myntum.

Við gerð frumvarps til úthlutunar þarf að gæta að jafnræði kröfuhafa að þessu leyti þegar metnar eru greiðslur til forgangskröfuhafa. Ekki verður annað séð en að álitaefni sem að því snúa séu frekar auðleysanleg.

Við endanlega útborgun krafna væri hægt að greiða þeim sem það kjósa í erlendum myntum miðað við gengi á greiðsludegi. Það sem þeir fengju í sinn hlut í íslenskum krónum samkvæmt úthlutunargerð yrði einfaldlega umreiknað á þeim degi í hina erlendu mynt.

Ef óskað er frekari upplýsinga veitir undirritaður þær fúslega.

Virðingarfyllst,  
LANDSLOG – LÖGFRÆÐISTOFA

Jóhannes Karl Sveinsson